

Fundargerð

5. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps

miðvikudaginn 1. nóvember 2017 kl. 13.00

Fundarstaður: Kaupfélagshúsið Króksfjarðarnesi

Mætt eru: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Sigurður Þórólfsson, fulltrúar Félags eldri borgara, Halla Steinólfsdóttir, fulltrúi Dalabyggðar, Sandra Rún Björnsdóttir, fulltrúi Reykhólahrepps, María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps og Freyja Þöll Smáradóttir félagsmálafulltrúi Dalabyggðar. Eypór Jón Gíslason, Ingveldur Guðmundsdóttir, Vilberg Þráinsson og Þrúður Kristjánsdóttir boðuðu forföll.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn.

1. Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2018

Heimþjónusta fer úr kr.4.850.000 fyrir árið 2017 í kr.5.180.000 fyrir 2018.

Tómstundastarf eldri borgara fer úr kr. 1.120.000 fyrir árið 2017 í kr. 1.150.000 fyrir árið 2018.

Afsláttur fasteignagjalda var árið 2017 kr. 1.400.000 en verður árið 2018 kr.1.440.000.

Áfram er gert ráð fyrir 300.000 kr. styrk til Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi.

2. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2018

Upplýsingar úr rammaáætlun Reykhólahrepps ársins 2018.

Heimþjónusta var kr. 1.209.838 fyrir árið 2017 en verður árið 2018 kr. 1.246.134.

Félagsstarf aldraðra var kr. 1.800.415 fyrir árið 2017 en verður árið 2018 kr.1.854.428.

Ekki kemur fram hversu mikill afsláttur fasteignagjalda var og mun verða en hjá Reykhólahreppi er tekjuviðmiðið kr. 3.500.000 fyrir einstaklinga og kr. 5.000.000 fyrir hjón.

Áfram er gert ráð fyrir 100.000 kr. styrk til Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi.

3. Umræður

Jóna Valgerður tekur fram að Dalabyggð gerði góða bót á tómstundastarfinu í fyrra með því að ráða starfmann í félagsstarfið. Varðandi afslátt á fasteignagjöldum mætti Dalabyggð taka sig á og bendir hún á að Reykhólahreppur hækkaði viðmiðið umfram vísitöluhækkun 2017 og vill Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps beina því til sveitastjórnar Dalabyggðar að hækka tekjuviðmiðunina. Sjá ályktun sem samþykkt var á fundinum.

Það kom upp sú hugmynd á síðasta fundi ráðsins að stofna sér deild í Reykhólahreppi innan FEBDOR, sú hugmynd var rædd við ýmsa félagsmenn í Reykhólahreppi en fékk ekki hljómgrunn. Nú er hafinn akstur fyrir félagsmenn FEBDOR frá Reykhólum á viðburði félagsins í Dalabyggð og til að greiða fyrir þann akstur er styrkurinn frá Reykhólahreppi notaður. Hann mun þó tæplega duga til og því er því beint til sveitarstjórnar Reykhólahrepps að hækka styrkinn til félagsins, sem hefur verið óbreyttur í krónutölu í mörg ár.

Rætt var um ellilífeyri og heimilisuppbót TR. Um áramótin næstu hækkar heimilisuppbótin um 20.000 kr og fer þá heildarupphæðin úr kr. 280.000 í kr. 300.000 fyrir einstaklinga.

4. Akstur frá Hjúkrunarheimilinu Barmalið í félagsstarfið í Búðardal hjá FEBDOR

Eins og fram kom fyrr í fundargerðinni er hafinn akstur fyrir félagsmenn FEBDOR frá Reykhólum á viðburði félagsins í Dalabyggð. Búið er að fara þrjár ferðir og mun aksturinn halda áfram að minnsta kostið fram að áramótum. Mest hafa farið fjórir heimilismenn frá Barmahlíð.

5. Heimahjúkrun á svæðinu .

Lögð voru fram drög að ályktun til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Öldungaráðið fékk Ingibjörgu Kristjánsdóttur fyrrverandi héraðshjúkrunarfræðing til að segja sína skoðun á heimahjúkrun á svæðinu. Hún nefndi að til að sinna heimahjúkrun á svæðinu væri gott að bæta við stöðugildum sem væru sameiginleg á heilsugæslunni á Hólmavík og í Búðardal og að sá eða þeir starfsmenn myndu sinna heimahjúkrun í Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð. Eftir umræður var formanni falið að ganga frá ályktuninni til samræmis við það sem rætt var á fundinum og senda hana til viðeigandi aðila. Sjá ályktunina í fylgiskjali með fundargerðinni.

6. Önnur mál

Húsnæðismálin voru rædd, og þar kom María inn á það að sveitarfélagið hafi fengið styrk frá Elísabetu I. Guðmundsdóttur í Árbæ sem lést árið 1998 til að innrétta íbúð í Barmahlíð og áttu eldri borgarar að fá forgang í þessa íbúð. Fundurinn ákvað að Sandra Rún myndi athuga hvort hægt væri að finna upplýsingar um þetta í gömlum fundargerðum.

Fundurinn beinir því til sveitarstjórnanna að vinna áfram í húsnæðismálum eldri borgara og vísar í fyrri samþykktir í eldri fundargerðum öldungaráðs um það mál.

Rætt var um stöðu eldri borgara í sveitarfélögunum og vilja þeirra til að þiggja þjónustu sveitarfélaganna. María sagði frá því að hún heimsækir alla sem komnir eru yfir áttætt á sínu svæði. Með þessum heimsóknum heyrir hún og sér hvernig aðstæður fólksins eru. Fram kom að þegar Ingibjörg Kristjánsdóttir var hjúkrunarfræðingur í heimahjúkruninni fór hún heim til eldri borgaranna með flensusprautuna og sá þá hvernig fólk hafði það og heyrði í því.

Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl.14.40.

Ritari Sandra Rún Björnsdóttir

Eftirfarandi ályktun var samþykkt um afslátt fasteignagjalda sveitarfélaga:

Í okkar sveitarfélögum eru margir eldri borgarar sem vilja búa áfram í eigin húsnæði. Einnig má segja að ekki sé um margt að velja til þess að minnka við sig í þeim efnum. Oft er hér um all stórt húsnæði að ræða sem ætlað var stórrí fjölskyldu og nú situr e.t.v. einn eftir í því. Þar getur fasteignaskattur verið stór póstur fyrir þann sem eftir situr og hefur ekki úr miklu að spila til framfærslu. Ekki virðist samræmi milli sveitarfélaga um hver tekjumörkin skuli vera til þess að veita afslátt af fasteignagjöldum til eldri borgara og öryrkja og getur þar munað allmiklu. Á Íslandi eru lágmarkslaun um 300.000 kr á mánuði og um næstu áramót á það að verða hámarkslífeyrir TR til þeirra sem búa einir. **Við beinum þeim tilmælum til sveitarstjórna Dalabyggðar og Reykhólahrepps að taka mið af þeirri tölu og hækka viðmiðunarmörk tekna ellilífeyrisþega til að fella niður fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði þannig að miðað sé við 3.600.000 kr árstekjur hjá þeim sem búa einir.**

Ályktun til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Afrit til Heilsugæslunnar Búðardal.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps sem skipuð er tveimur fulltrúum frá Dalabyggð, tveimur frá Reykhólahreppi, tveimur frá Félagi eldri borgara, Félagsmálastjóra Reykhólahrepps og félagsmálafulltrúa Dalabyggðar.

„Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps sem haldinn var 1. nóv. 2017, ræddi málefni heimahjúkrunar á svæðinu. Ljóst er af aldurssamsetningu þjóðarinnar að öldruðum fjölgar mjög á næstu árum og þar með þeim sem þurfa aukna þjónustu. Það á ekki síst við um þá sem búa í dreifbýli og vilja búa þar áfram. Til þess að uppfylla þá stefnu stjórnvalda að aldraðir geti búið heima sem lengst þarf að auka aðstoð bæði í heimilishjálpi og ekki síður í heimahjúkrun. Hjúkrunarþjónustu í Reykhólahreppi er nú sinnt frá Heilsugæslunni í Búðardal. Við leggjum til að meiri samvinna verði á milli heilsugæslustöðva í Búðardal og á Hólmavík og endurskoðað verði það skipulag sem gilt hefur. Með veginum um Þröskulda hafa opnast möguleikar til að þjóna íbúum Reykhólahrepps frá Hólmavík. Þó er ljóst að fjölga þarf stöðugildum í heimahjúkrun á svæðinu og væri eðlilegast að hafa einnig starfsmann á Reykhólum. Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps beinir þeim eindregnu tilmælum til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að efla heimahjúkrun við aldraða í Dalabyggð og Reykhólahreppi og fjölga stöðugildum.“

Ályktunin verður send til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands Akranesi og einnig til heilsugæslunnar Búðardal og Hólmavík.